

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 10. september 2025:

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að hætt verði við að færa grenndargámana sem standa við Straum yfir í Streng í Ártúnsholti.

Greinargerð:

Sú tilhögun hefur valdið mikilli óánægju íbúa enda hafa þeir réttilega bent á að þeir skapi aukna umferð í miðju hverfinu. Auk þess munu þeir standa nánast við hliðina á tveimur leikskólum og grunnskóla. Þetta var kynnt í hverfisskipulagi Árbæjarhverfis árið 2019 við mikla andstöðu íbúa án þess að tekið hafi verið tillit til þess.